

Skólaráðsfundur 31. október 2018

Fundinn sátu: Sólveig Arna Ingólfssdóttir, Vildís Björk Bjarkadóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Þ. Sandra Magnúsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Óskar G. Björnsson, Hallfríður Sverrisdóttir (fundarritari), Katrín Eva Óladóttir 10. bekk og Fannar Orri Pétursson 7. bekk.

- Óskar fór yfir samsetningu skólaráðs.
- Verkefni fundarins var að setja upp fundaskipulag vetrarins. Að jafnaði er fundað mánaðarlega. Ákveðið að fundirnir verði í hádeginu á miðvikudögum og byrji kl. 12:15.
Fundaskipulag skólaársins:
 - 14. nóvember
 - 12. desember
 - 23. janúar
 - 13. febrúar
 - 13. mars
 - 10. apríl
 - 15. maí
- Óskar sagði frá danskennslu sem var í morgun í 9. og 10. bekk. Gert er ráð fyrir að danskennarinn komi aftur um miðjan janúar og kenni þá dans í 1. - 10. bekk í viku. Þetta er til viðbótar við kennslu hjá Loga.
- Rætt um hliðið sem setja á við útskot skólabíls. Hliðið var sett niður fyrir nokkrum vikum, en strax tekið upp aftur vegna óheppilegrar staðsetningar. Málið verður klárað með sviðsstjóra og bílstjóra fljótlega.
- Umræða um árshátíðir, en árshátíð miðstigs er í fullum gangi þessa dagana.
- Fyrirspurn um iPad-væðingu og gagnsemi til áframhaldandi náms, t.d. í FNV. Ósamræmi er milli grunn- og framhaldsskóla, en algengt er að nemendur í framhaldsskóla þurfi að haf aðgang að fartölvu en iPadinn dugi ekki. Sumum foreldrum finnst að þeir viti ekki nóg um rökin fyrir iPadvæðingunni.
- Rætt um slæma umgengni unglinga, m.a. grunnskólanemenda á lóð leikskólans Ársala, en þar safnast unglingar gjarnan saman á kvöldin. Ákveðið að rætt verði við nemendur í 8. og 9. bekk ásamt leikskólastjórum til að reyna að stuðla að betri umgengni.

- Óskar skýrði frá ytra mati á skólastarfi sem var í Árskóla í síðustu viku. Skólastjórnendur í Skagafirði, ásamt fulltrúum fræðslusviðs sáu um matið. Rætt var við foreldra, nemendur og starfsmenn og farið í heimsóknir í kennslustundir.
- Nú er að fara í gang rekstrarúttekt á Árskóla og hinum skólunum í Skagafirði á vegum Sveitarfélagsins, en Gunnar Gíslason mun sjá um úttektina. Í tengslum við það var umræða um aukið aðhald í rekstri skólans síðustu ár og hvenær komið er að þolmörkum þess að halda úti góðri þjónustu. Rætt um aðkomu skólaráðs að því að þrýsta á Sveitarfélagið að ganga ekki of langt í þeim efnum.